



## Ágætu foreldrar barna í 1.- 4. bekk skólaárið 2011-2012

Grunnskóli Snæfellsbæjar býður upp á skóladagsvistun fyrir nemendur 1. – 4. bekkjar. Skóladagsvistunin nefnist Skólábær og mun verða staðsett í Grunnskóla Snæfellsbæjar, Hellissandi. Dagvistunin hefst að loknum skóladegi og lýkur kl. 16:00, mánudaga til föstudaga, þá daga sem kennsla fer fram. Þess ber að geta að eingöngu er um gæslu að ræða, en **ekki** heimanám.

Foreldrar geta valið hvaða daga vikunnar þeir óska eftir dagvistun. Þess bera að geta að velja þarf fyrir allan veturinn.

Þau börn sem dvelja lengur en til kl. 15:00 á daginn þurfa að kaupa síðdegishressingu (sjá verð hér fyrir neðan). Þeir forráðamenn sem óska eftir vistun í Skólábæ þurfa að klippa neðan af þessu bréfi og skila því til umsjónarkennara í skólann sem fyrst.

Skólabíll fer frá Hellissandi kl. 15:50 og því þurfa forráðamenn, barna sem búsett eru í Ólafsvík og á Rífi, að sækja barnið sé það í styttri gæslu.

Verð: 220 kr./klst.  
Síðdegishressing: 110 kr.

*Klippa*

Ég undirrituð/-aður óska eftir því að barnið mitt verði í vetur í vistun sem hér segir:

<b>Mánudaga:</b>	Frá lokum skóladags til kl.	<input type="checkbox"/> 15:00	<input type="checkbox"/> 16:00
<b>Þriðjudaga:</b>	Frá lokum skóladags til kl.	<input type="checkbox"/> 15:00	<input type="checkbox"/> 16:00
<b>Miðvikudaga:</b>	Frá lokum skóladags til kl.	<input type="checkbox"/> 15:00	<input type="checkbox"/> 16:00
<b>Fimmtudaga:</b>	Frá lokum skóladags til kl.	<input type="checkbox"/> 15:00	<input type="checkbox"/> 16:00
<b>Föstudaga:</b>	Frá lokum skóladags til kl.	<input type="checkbox"/> 15:00	<input type="checkbox"/> 16:00

Dagsetning: \_\_\_\_\_

Nafn barns/kennitala: \_\_\_\_\_

Nafn forráðamanns/kennitala: \_\_\_\_\_

Lögheimili: \_\_\_\_\_

**Snæfellsbær sér um innheimtu vistunargjalds. Skrifleg uppsögn þarf að hafa borist skólaritara fyrir 20. dag mánaðar svo uppsögn taki gildi 1. dag næsta mánaðar .**

Vinsamlega athugið að gæsla barns í Skólábæ vegna sundkennslu er forráðamönnum að kostnaðarlausu. Sér eyðublað er vegna þeirrar gæslu!

Skólastjóri.